

AUGLÝSING

um hækkun á gjaldskrám hitaveitna.

Samkvæmt 29. gr. Orkulaga nr. 58 29. apríl 1967 og 10. gr. laga um Orkubú Vestfjarða nr. 66 31. maí 1977 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi hækkanir á gildandi gjaldskrám (með síðari breytingum) eftirtalinna hitaveitna frá og með 16. ágúst 1980.

Hitaveita Reykjavíkur nr. 320 28. maí 1980	18%
Hitaveita Seltjarnarness nr. 22 24. janúar 1978	18%
Hitaveita Sauðárkróks nr. 113 3. apríl 1973	8%
Hitaveita Ólafsfjarðar nr. 368 5. ágúst 1975	13%
Hitaveita Húsavíkur nr. 259 16. júní 1977	20%
Hitaveita Reykjahlíðar nr. 231 26. maí 1977	15%
Hitaveita Hvammstanga nr. 287 27. desember 1973	13%
Hitaveita Hríseyjarhrepps nr. 322 8. nóvember 1973	18%
Hitaveita Suðurnesja nr. 390 6. nóvember 1976	13%
Hitaveita Þorlákshafnar nr. 269 28. maí 1980	13%
Hitaveita Akureyrar nr. 393 3. nóvember 1977	13%
Hitaveita Mosfellshrepps nr. 108 10. febrúar 1977	18%
Fjarhitun Vestmannaeyja nr. 185 26. apríl 1979	13%
Hitaveita Flúða og nágrennis nr. 151 14. mars 1977	20%
Hitaveita Suðureyrarhrepps nr. 226 26. maí 1977	34%
Hitaveita Egilsstaðahrepps og Fella nr. 460 1. nóv. 1979 ..	20%
Orkubú Vestfjarða nr. 461 1. nóv. 1979	13%

Iðnaðarráðuneytið, 14. ágúst 1980.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

15. ágúst 1980.

Nr. 430.

REGLUGERÐ

um veiðitakmarkanir 16. ágúst til 30. nóvember 1980.

1. gr.

Skuttogurum með aflvél 900 hestöfl og stærri og togskipum, sem eru 39 metrar og lengri, eru bannaðar veiðar með eftirgreindum hætti:

1. Á tímabilinu 16. ágúst til 30. september 1980 eru skipum bannaðar þorskveiðar í 13 daga.
2. Á tímabilinu 1. október til 30. nóvember 1980 eru skipum bannaðar þorskveiðar í 18 daga.

2. gr.

Útgerðaraðilar ráða tilhögun veiðitakmörkunar samkvæmt 1. gr., en þó skal hvert skip láta af þorskveiðum eigi skemur en í 4 sólarhringa í senn.

Tilhögun veiðitakmarkana samkvæmt 1. gr., skal tilkynnt sjávarútvegsráðuneytinu áður en þær hefjast hverju sinni. Verði slíkar áætlanir ekki látnar í té, getur ráðuneytið ákveðið, hvenær viðkomandi skip skuli láta af þorskveiðum. Útgerðaraðilar eru bundnir við áætlanir sínar og verða að leita samþykkis ráðuneytis, ef þeir vilja breyta þeim.